



Kiwaniis



LYKILL AÐ LÍFI



Fréttabréf K-dagsnefndar

2. tbl. 7. sept. 2016

Ábyrgðarmaður Gylfi Ingvarsson gylfiing@simnet.is Heimasíða: www.kiwaniis.is

K-dags nefnd
Kiwaniisumdæmisins
Ísland -Færeyjar



K- dagur 1. – 10. október 2016

Landssöfnunin

LYKILL AÐ LÍFI



**Kveðja frá
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessyni**



Öll veikjumst við einhvern tímann á lífsleiðinni. Sjúkdómar geta verið illvígir eða viðráðanlegir. Einatt mætum við velvild og skilningi þegar heilsubrestur verður. Samt er það svo að viðmót verður gjarnan annað þegar geðrænir kvillar eiga í hlut. Enn gætir þess um of að þeir þyki feimismál, jafnvel dáðleysi.

Um árabíl hefur Kiwanishreyfingin vakið athygli á málefnum þeirra sem glíma við geðræna sjúkdóma. Einkunnarorðin „Gleymum ekki geðsjúkum“ eru flestum landsmönnum að góðu kunn. Með sölu á K-lyklinum hefur Kiwanisfélögum tekist að afla fjár til að efla geðvernd, eyða fordómum og leita lækninga.

Í ár vilja Kiwanisfélagar beina kröftum sínum að tveimur málefnum. Annars vegar hyggjast þeir styrkja BUGL, Barna- og unglíngageðdeild Landspítala Íslands, enda brýnt að sinna vel þeim börnum og ungmönnum sem glíma við geðraskanir. Hins vegar er sjónum beint að nýjum samtökun, PIETA Ísland, sem bjóða úrræði fyrir einstaklinga í sjálfsvígshugleiðingum og þá sem stunda sjálfsskaða. Gildi forvarna á þessum vettvangi er ómetanlegt. Við skulum hjálpa þeim sem þurfa aðstoð í erfiðleikum sínum og veikindum. Ég hvet alla til að taka Kiwanisfólki vel á K-daginn í ár, styðja gott málefni og bæta samfélag okkar.

**Samþykkt styrktarverkefni
K-dags 2016**

- **BUGL, Barna og unglíngageðdeild Landspítalans, sérverkefni sem er þjónustu við ungt fólk.**
- **PIETA, nýstofnuð samtök til að vinna að forvörnum fyrir fólk með sjálfsskaða og sjálfsvígs hugsanir.**

Bæði verkefni eru þjónusta við allt landið.

**“Gleymum ekki Geðsjúkum”
er kjörorð K-dagsins**

- ✚ **Heimild til fjársöfnunar er 1. til og með 10. október, en aðal söludagar verða fimmtudag 6. föstudag 7. og laugardag 8. október.**
- ✚ **Verð á lykli er kr. 2000 og fær samstarfsaðili kr 500 sem styrk á lykil. Form fyrir samstarfssamning er á heimasíðu Kiwanis.**
- ✚ **Klúbbar þurfa að semja við samstarfsaðila um sölu og horfa til svæða þar sem ekki eru Kiwanis-klúbbar.**
- ✚ **Auglýsingaherferð vegna K-dags hefst í lok september í fjölmiðlum**
- ✚ **Auglýsingarmyndband eins og síðast hefur verið talsett að nýju og fer í fjölmiðla og heimasíðu.**
- ✚ **Kiwanisklúbbar þurfa að tryggja sér leyfi til sölu í stórmörkuðum og víðar.**
- ✚ **K-dagsnefndin er með upplýsingar um fjölda lykila og posa frá sl. K-degi.**
- ✚ **Form að bréfi til fyrirtækja og félagasamtaka um aðild að söfnunaráttakinu verður á heimasíðu Kiwanis þar sem verður einnig bankanúmer fjársöfnunarinnar .**
- ✚ **Samið er við símafyrirtækin um söfnunarnúmer og með hringingu í ákveðið númer fer kr. 2000 inn á söfnunarreikning, söfnunarnúmerið verður opið allan október .**
- ✚ **Nánari upplýsingar verða á heimasíðu Kiwanis og fésbóksíðu umdæmisins.**

10. október er alþjóðlegi Geðheilbrigðisdagurinn